

Sp. 570. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]
um endurskoðun meiðyrðalöggjafar.

Flm.: Vilborg Harðardóttir, Páll Pétursson, Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að endurskoða beri löggjöf um ærumeiðingar og samþykkir að kjósa til þess 5 manna nefnd. Nefndin skili niðurstöðum í frumvarpsformi á næsta þingi, fyrir áramót.

Greinargerð.

Allt frá því að núgildandi lög varðandi ærumeiðingar voru sett hafa þau þótt orka tvímælis. Svokölluð VL-málaferli undanfarna mánuði og ár hafa þó beint athygli manna enn meir að göllum laganna og leitt í ljós mögulega misnotkun þeirra í pólitískri baráttu og jafnvel beinlínis í auðgunarskyni.

Lög þau, sem hér um ræðir, eru nr. 19/1940, — almenn hegningarlög XII. kafli gr. 108 og XXV. kafli gr. 234—237 og 241. Er þar m. a. kveðið svo á, að sektum varði bregði maður manni brigslum án tilefnis, þótt hann segi satt, og varðandi opinbera starfsmenn, að aðdróttun, þótt sönn sé, varði sektum sé hún borin fram á ótilhlýðilegan hátt.

Auk þess sem lögin banna fólki þannig að segja sannleikann er það greinilegt, að ævinlega hlýtur að vera heldur hæpið túlkunaratriði hvenær gefið sé tilefni eða hvað sé ótilhlýðilegt, enda sýnt, að túlkun laganna í ofangreindum málaferlum hefur orðið á annan veg í Hæstarétti en í héraði. Þá hafa enn fremur skv. þessum lögum ummæli verið dæmd dauð og ómerk, að því er virðist hvort sem sönn eru eða eigi, og er næsta erfitt að sjá fyrir sér hvernig þannig sé unnt að ganga frá þegar sögðum eða skrifuðum orðum.